

Hverfisnefnd Naustahverfis
60. fundur, 15. maí. 2014
Íbúafundur – Framboðsfundur – X14

Fundur haldinn í Naustaskóla, kl. 20:00 – 22:15

Mættir fh. hverfisnefndar: Anna Sjöfn Jónasdóttir, Gunnar Valur Eypórsson, Ómar Ívarsson, Bjarni Sigurðsson og Gísli Rúnar Magnússon

Mættir fh. framboðanna:

Björt framtíð (Æ): Áshildur Hlín Valtýsdóttir (2. sæti)

Dögun (T): Benedikt Sigurðarson (7. sæti)

Framsóknarflokkurinn (B): Ingibjörg Iskasen (2. sæti)

L-listinn (L): Eva Reykjalín (5. sæti)

Samfylkingin (S): Sigríður Huld Jónsdóttir (2. sæti)

Sjálfstæðisflokkurinn (D): Njáll Trausti Friðbertsson (3. sæti)

Vinstri græn (V): Edward H. Hujibens (2. sæti)

Gestir í sal: um 20 manns + nefndarmenn + frambjóðendur í setti

Fundarstjóri: Hrafnhildur E. Karlsdóttir

Fundargerð rituðu Gísli Rúnar Magnússon og Ólöf Inga Andrésdóttir

--

Hrafnhildur bauð alla velkomna og setti fund.

Hrafnhildur greindi frá að spurningalisti hefði verið sendur til framboðslistanna á Akureyri og í framhaldi af því boðað til þessa fundar.

Fulltrúar framboðanna sjö byrjuðu á að kynna sig og gera grein fyrir sínum helstu baráttumálum og þá einkum þeim er snúa að Naustahverfi.

Því næst var farið í það að renna yfir spurningarnar sem sendar voru á framboðin. Stutt kaffipása tekin eftir nokkrar spurningar. Að lokum voru frjálssar spurningar úr sal.

--

Æ (Áshildur): Kynnti sig. Íbúi í hverfinu, þekkir hverfið ágætlega.

T (Benedikt): Vilja efla þátttöku íbúanna sjálfra, foreldra, hverfisnefnda. Færa fólkinu á heimavelli völdin. Ákvarðanir teknar sameiginlega.

V (Edward): Umhverfisvænt félagshyggjufólk. Meta fólk að verðleikum. Stefnan er á fólkið í bænum. Efla tekjur og laun þeirra sem starfa í bænum. Þetta byggðina.

B (Ingibjörg): Efla innviði í bænum, efla skólakerfið og sérfræðipjónustu í leik- og grunnskólum, átak gegn áfengi og tóbaki, hækka tólmstundaávisanir, sporna við hreyfingaleysi barna og unglinga. Huga að eldri borgurum.

S (Sigríður): Efla ungt fólk. Leggur áherslu á ungt fólk ekki bara út frá menntun, vellíðan fjölskyldunnar og barnanna. Nýtt strætókerfi, örari ferðir, þægilegri samgöngur.

L (Eva): Vinna með hverfisnefndum og öðrum íbúum.

D (Njáll): Leggja áhersu á að efla tengsl við hverfisnefndir og lýðræði. Götuheiti í stafrófsröð.

1. Hver er framtíðarsýn ykkar varðandi skólamál í Naustahverfi (skólinn, íþróttahúsið, leikskólar, bílastæði (við skólann og leikskólann), sleppisvæði, lóðin)?
2. Hvenær sjáið þið fram á verklok við eftirfarandi áfanga við Naustaskóla; íþróttahús, stjórnendaálman, lóðin, bílastæði, sleppisvæði?

Æ: Klára stjórnendaálmu sem fyrst. Vill fá íþróttahúsið klárað sem fyrst. Talað um verklok 2016. vilja flýta því til haustsins 2015. Vill fá skólalóðina kláraða. Sleppisvæði ættu helst ekki að vera við skóla. Leikskólinn of lítill.

T: Eitt að fyrstu verkefnum nýrrar bæjarstjórnar verði að mæta fólki í hverfinu og semja um verklok. Lofar engu um verklok. Leikskólinn má vera utan hverfis fyrstu árin, en ekki grunnskólar, enda fara flestir út úr hverfi í vinnu. Á ekki að byggja loforð á einstökum flokkum eða einstaklingum. Byggja skólann hratt sem félagseiningu.

V: Grunnskólar eiga að vera hjartað í hverju hverfi. Framkvæmdalok 2016 skv. áætlunum. En það þarf að hnika forgangsröðinni í samvinnu við fólkið í hverfinu og hverfisnefnd.

B: Enn pláss fyrir alla nemendur í skólanum. Þarf að huga að byggingu nýs leikskóla. Best að börnin geti gengið í skólann. Skoða hvort hægt sé að færa fram í framkvæmdaráætlun byggingalok skólans. Sleppisvæðið í ár.

S: Samvinna skólastjórnenda, hverfisnefnda og íbúa. Sleppisvæðið verður að komast í lag.

L: Klára skólann. Nýr leikskóli í deiliskipulagi. Og enn síðar kemur nýr skóli. Mjög mikilvægt að klára lóð og sleppisvæði. Hægt að flýta verkum eftir þörfum.

D: Brýnt að ljúka framkvæmdum strax við Naustaskóla. Kostnaður við að láta húsnæðið standa svona óklárað er um 40 milljónir á ári, sem er ekki góð nýting á fjármunum. Lóðin hafði gleymst í framkvæmdum bæjarins. Sleppisvæðin á næsta ári, sem og skólalóðin.

Spurning úr sal: Á að taka af hraðahindrunina sunnan við Bónus (kröppu beygjuna)?

T: 30 km hámarkshraði. Nauðsynlegt að menn virði hraðann. Mætti seinka byrjunartíma skóla svo börnin séu ekki á leið í skóla á sama tíma og fólk á leið í vinnu.

Æ: Vill fá skilti sem segja að hér séu börn. Vill fleiri 30 km skilti. Er hlynnt þessum hlykk, en mætti gera hann huggulegri. Snjómokstur ekki gáfulegur í hverfinu, yfirleitt snjónum mokað „vitlausu“ megin.

L: Það á að minnka beygjuna. Er hrifin af skiltum sem minna á börnin.

V: Hefur ítrekað komið inn á borð. Kemur til vegna Jaðarstúns. Þrýstingur hefur verið allt kjörtímabilið að taka þessa beygju. Skiptar skoðanir í hverfinu.

D: Leggja til að unnin verði umhverfisöryggisúttekt. Hallar í beygjum í hverfinu skrítnir. 100 milljónir í snjómokstur. Setja GPS tæki í tækin til að hafa möguleika á að hagræða.

L: Búið að ræða að setja vinnuhóp eða nefnd um þessi mál við alla skóla í bænum.

Úr sal: Nauðsynlegt að útbúa sleppisvæði við skólann áður en verður slys.

3. Hvenær hefst og lýkur byggingu við næsta leikskóla í hverfinu?

4. Hver er framtíðarsýn ykkar varðandi íþróttasvæði í Naustahverfi?

D: Ekki hægt að stækka Naustatjörn því það vantar bílastæði. Íþróttasvæði sunnan Sómatúns. Ekki í forgangi. Frekar klára skólann

L: Veit ekki hvenær því lýkur að reisa næsta leikskóla. Íþróttasvæði á svæði 4, auk skóla oþh. (ofan Hagahverfis)

S: Leikskóli á áætlun 2017. Til í að flýta því. Horfa á sama svæði og aðrir með íþróttasvæði

B: Gera langtímaáætlun varðandi næsta leikskóla.

V: Setjast niður með í íbúum hverfisins, hverfisnefnd og fleirum og komast að sameiginlegri niðurstöðu. Vill sjá sundlaug í hverfinu.

T: Áhugamaður um sund og sundlaugar. Ekki skynsamlegt að byggja nýja sundlaug í jaðri bæjarins. Byggja frekar upp á einum stað. Það þarf að endurmeta samsetningu íbúanna og ef í ljós kemur að það sé þörf á að flýta byggingu leikskóla, þá þarf náttúrulega bara að gera það.

Æ: Gert ráð fyrir leikskóla. Vantar leikvelli. Vill gera eitthvað ódýrt á fyrirhuguðum leikvöllum. Náttúruvöll í hverfið.

5. Finnst ykkur eðlilegt að bærinn hafi rýmri heimildir til að ganga frá sínum lóðum en aðrir í bænum (sbr. skólalóðin við Naustaskóla)?

6. Hvert finnst ykkur að fyrirkomulag dagsekta ætti að vera vegna ókláraðra framkvæmda (dæmi: grunnur við Stekkjartún sem hefur staðið ókláraður í bráðum áratug)?

Æ: Hluti af lífsgæðum að hlutirnir séu gerðir þokkalegir. Í dag eru gefin 5 ár til að klára frágang (áður voru það 2 ár).

T: Nei. Bærinn á ekki að hafa rýmri heimildir. Það verður að beita þeim úrræðum sem eru tiltæk gagnvart bönkum og öðrum eigendum.

V: Bærinn á að ganga fram með góðu fordæmi. Dagsektir, menn eru ragir við að beita þeim. Vill beita þeim að meiri hörku.

B: Bærinn á að fylgja eigin reglum. Spurning um að búa til rýmri reglur fyrir stærri framkvæmdir. Hús skal gert fokhelt á 9 mánuðum og lóð kláruð á 18 mánuðum. Hægt að sækja um frest. Dagsektum hefur ekki verið beitt eftir hrun.

S: Nei, ekki rýmri heimildir. Dagsektir; bærinn á að beita þeim úrræðum sem eru til. Ekki má ganga of hart fram.

L: Nei auðvita ekki. Dagsektir; Ekki margir sótt um frest. Grunnar hafa verið að skipta um eigendur. Ekki lengur hægt að beita fyrir sig hruninu.

D: Nei. 5 ár frá því skólinn byrjaði og því kominn tími á skólalóðina. Dagsektir; Verður að virða það við fólk að skuldsetja sig ekki til að klára, heldur safna fyrir framkvæmdum. Grunnur í Stekkjartúni slyshætta.

7. Hafið þið hugsað ykkur að taka upp samgöngustyrk fyrir starfsmenn bæjarins til að minnka álag á bílastæði í bænum, þá sérstaklega við stofnanir bæjarins eins og t.d. við Naustaskóla og Naustatjörn?

D: Ekki á stefnuskránni. Til í að skoða þetta.

L: Má skoða það eða jafnvel hvatningakerfi.

S: Það er á stefnuskránni að gera eitthvað í þá veru. Ekki bara til að minnka bílaumferð heldur líka til heilsueflingar starfsmanna.

B: Ókeypis í strætó. Það er ígildi samgöngustyrks. Vilja auka heilsu bæjarbúa. Akureyri á iði.

V: Efla strætó sem er okkar „samgöngustyrkur“. Þó ekkert því til fyrirstöðu að gera eitthvað.

T: Vilja þetta ferðanet strætó. Spara í bílastæðum með því að fækka þeim sem koma á bílum. Útfæra hugmyndir til að styrkja samgöngumálin.

Æ: Lögum leiðakerfi strætó. Halda áfram að hafa frítt í strætó.

Spurning úr sal varðandi það að hætt sé að taka við hjólum í strætó

Æ: Finnst sjálfsagt mál að koma hjólum fyrir sé pláss í strætó. Þyrfti að útfæra einhverja leið.

V: Vagnarnir litlir. Má leysa með grindum utan á vögnunum.

B: Verkefni sem þarf að leysa. Ef pláss í vögnum þá taka hjól og vagna með.

S: Fólk þarf að geta tekið sína fylgihluti með í strætó sé pláss. Þó ekki hunda.

L: Ef þetta er vandamál, þá þarf að leysa það.

D: Hringdi í þann sem stýrir þessu (Stefán) og hann fann grindum utan á strætó allt til foráttu. En margir hafa víst kvartað yfir hjólunum í vögnunum. Fá í sig skít o.þ.h.

8. Mynduð þið gera eitthvað í því að efla verslun, þjónustu eða opinbera starfssemi í hverfinu?

9. Hvernig sjáið þið fyrir ykkur flokkunar-, endurvinnslukerfi í bænum?

D: Talaði um þriðju tunnuna. Ekki dýrara en það kerfi sem fyrir er.

L: Finnst sniðug hugmynd að hafa þjónustu á jarðhæð. Varðandi flokkunar og endurvinnslukerfi. Erum komin vel á veg. Ekki á stefnuskránni að gera róttækar breytingar.

S: Hefur verið gerð könnun á því hvaða þjónustu fólk vill fá í hverfið?

B: Verðum að standa vörð um skipulagið.

V: Var miður þegar verslun og þjónusta var tekin út út skipulagi í hverfinu. Verður vonandi í Haga hverfi. Upplýsingagjöf með flokkunarkerfi - þeir sem vilja fá tunnuna heim fá það og fá endurgreitt sorphirðugjaldið.

T: Mistök að taka út síðustu þjónustulóðina við Kjarnagötu. Viljum viðhalda og þróa það sorphirðukerfi sem er komið.

Æ: Valkvætt hvort verslun eða þjónusta á jarðhæð. Flokkunar og endurvinnslukerfið er gott. Viðhalda snyrtilegu umhverfi við grenndarstöðvar.

Spurningar úr sal:

Beint til L-listans. Er einhver stefnubreyting hjá L-lista varðandi sorphirðumálin?

L: Nei, verðum bara vera vakandi fyrir breytingum

Til L-listans: Finnst ykkur þið bera ábyrgð á skipulagsleysi varðandi framkvæmdir við skólann og þjónustuklasa oph?

L: Finnst það hafa verið skynsamlegt t.d. að flýta framkvæmdum við skólann. Þjónustulóðirnar; sá sem var búinn að sækja um dró það til baka.

Athugasemd úr sal: Ekki raunhæft að vera með þjónustuíbúðir í hverfinu. Allir vinna utan hverfis.

Hvað hafa framboðin hugsað sér að gera til að blása lífi í atvinnulíf í bænum?

D: Ferðapjónusta (bjargar þó ekki öllu). Raforkuflutningar. Byggja upp Dysnes. Samgöngur.

L: Nýsköpun. Ferðapjónusta mikilvæg. Hlúa að opinberum störfum.

S: Áherslur á nýsköpun og að efla lítil og miðlungsstór fyrirtæki með Akureyrarstofu. Vandamál t.d. að fá fólk til vinnu á Sjúkrahúsið því makinn fær ekki vinnu við hæfi. Efla ferðapjónustu með sveitafélögunum í kringum okkur.

B: Auka opinber störf. Dysnes. Auka samvinnu milli menntastofnanna og bæjarins.

V: Sammála Njáli hvað varðar ferðamál. Standa vörð um opinber störf. Gera Akureyri að miðstöð Norðurlands hvað varðar atvinnuuppbyggingu. Þurfum að hugsa vel um jaðarbyggðir. Raforka um byggðarlínu. Fjölga störfum í hverfinu.

T: Vísindagarður/þekkingagarður í kringum Háskólann. Ferðapjónusta allt árið. Sérferðamennska en ekki bara hópaferðamennska.

Æ: Norðausturland í raforkusveldi, þarf að laga. Bæjarfrumkvöðull (sbr. bæjarlistamaður).

Styðjið þið þrengingu við Glerárgötu?

Æ: Líst vel á miðbæjarskipulagið í heildina. Þeim sagt að þrengingin eigi ekki að vera til trafala.

T: Ekki tekið afstöðu til þrengingarinnar. Líst ekki vel á að senda umferðina annað ef það yrði niðurstaðan. Skipulagið þarf alltaf stöðugt að vera í þróun.

V: Já. Lítið mál að breyta til baka ef gengur ekki upp.

B: Sammála þessu.

S: Eru sammála þessu skipulagi. Gefur okkur möguleika á að gera miðbæjarskipulagið skemmtilegra. Vegalengdin með þrengingu er ekki það löng.

L: Sammála þessu skipulagi. Verðum að treysta mælingunum sem segja að það sé í lagi að þrengja götuna. Hægt að tvöfalda þegar þörf á.

D: Viljum ekki að gatan verði þrengd, það er skýrt í stefnuskránni. Drottningarbrautin verður leið fólksins í nýjum hluta Naustahverfis inn í bæ. Umferðasérfræðingum finnst þetta fáránlegt. Umferðarflæði í bænum breytist við þetta.

Fundi slitið kl. 22:15.